neitar þó að vera eitthvað einstök að því leyti:

### ....einhver svona vitleysa

— Ég hef að vísu ekki verið erlendis síðan ég var við nám og þarafleiðandi ekki í snertingu við útlenda keramik nema gegnum fagbækur sem ég hef keypt, en það kennir vissulega margra grasa í erlendri leirmótun. Nú, og hér heima hefur keramik líka verið notuð dálítið á annan hátt en þennan hefðbundna, einkum í sambandi við arkitektúr. Ragnar Kjartansson hefur t.d. unnið veggskreytingar í leir.

Möguleikarnir í leirkerasmíði skiptast núorðið svolítið í tvennt. Annarsvegar er hönnun fyrir iðnað og hinsvegar einhver svona vitleysa einsog ég er að fást við. Það er ekki sami grundvöllur fyrir fagið einsog það var rekið fyrir hundrað árum með framleiðslu á brúkshlutum fyrir augum fyrst og fremst, vegna þess að verksmiðjuframleiðslan hefur tekið við. Leirkerasmiðir eru því eiginlega milli tveggja elda og við vitum varla í hvora löppina við eigum að stiga. Það tekur því varla að framleiða nytjahluti því að iðnaðurinn gerir það að sumu leyti miklu betur, þótt handgerðir hlutir hafi náttúrlega alltaf sitt aðdráttarafl. En staðlaða framleiðslu er hægt að vinna á miklu fullkomnari hátt í verksmiðju með góðum hönnuði heldur en að einstaklingar séu að renna og renna endalaust.

— Samt sem áður gerir þú mikið af vösum þótt þeim sé kannski ekki beinlinis ætlað að notast sem slíkir.

— Það má nota þá! Þarsem ég hef lært leirkerasmíði er ég bundin af þessu gamla pottaformi, þessari gömlu hefð frá nýsteinöld, sem við byggjum á.


— Þú ert þó greinilega að brjótast talsvert útúr þessu formi.

— Ja, ekki hef ég gert uppreisn gegn því. En vissulega hættir því til að vera á kostnað notagildisins þegar ég fer að vinna þessa vitleysu sem mér dettur í hug. Möguleikarnir með leirinn eru nær ótakmarkaðir.

### Reynir að miðla áhrifunum

— Hvað ertu að reyna að tjá?

— Það er flókið að svara því. Ætli ég sé ekki fyrst og fremst að reyna að miðla einhverju af þeim fegurðaráhrifum sem ég verð fyrir. Og þau eru mjög mikið í sambandi við náttúruupplifun. Td. urðu sum verkin hér til eftir hringferð um Jökul, — einhverskonar áhrif frá landslaginu kringum Snæfellsjökul. Þetta voru fyrstu verkin af þessari tegund, en ég geri ráð fyrir, að í verkum á undan þeim séu óbein náttúruáhrif. Ég hef ósjálfrátt orðið fyrir áhrifum, mest af fjöllum, en líka gróðri og það kemur sennilega fram, en með jöklamyndunum byrja ég virkilega að reyna að tjá landslagsáhrif markvisst og hef síðan haldið því áfram, t.d. varð vasinn með fossamyndunum til eftir göngu upp í Halfjarðarbotn, uppmeð fossinum Glym.



**Þessi vasi varð til eftir göngu uppmeð Glym. Fyrir aftan sést ein veggmyndanna.**

— Er ekki erfitt að koma þessum áhrifum fram í þínu efni, leirnum? Amk. er óvenjulegt að sjá hann notaðan á þennan hátt.

— Ég nota auðvitað leirinn af því að það er mín tækni, efni sem ég þekki og treysti mér til að ná betri árangri með en einhverju öðru sem ég hef ekki unnið með, einsog t.d. olíulitum. Það er að vísu flóknara mál að vinna markvisst listrænt í leir en að mála beint með pensli á striga, því þá er það ekki aðeins handverkfærið sem er milliliður milli manns og verks, heldur verður að fá eina höfuðskepnuna eldinn til liðs við sig líka og þá geta alltaf orðið einhver blæbrigði sem ekki var reiknað með. Þetta er líka spennandi því þótt maður þykist vera búinn að ná tökum á tækninni og þekkja efnið geta komið fyrir tilviljanir sem hægt er að nýta eftir á og finna nýjar og nýjar leiðir útfrá því óvænta.

### Andlit höfða til mín

— Með veggmyndunum ertu óneitanlega komin svolítið nálægt málverkinu, — hefur ekkert freistað þín að reyna við það?

— Afskaplega lítið. Ég snerti það aðeins á skólaárunum, en hef aldrei haft neina ástríðu til olíulita sem slíkra. Hinsvegar hef ég gripið í að teikna — of lítið að vísu — hefði ég ekki brotið á mér löppina hefði ég gert meira af því í sumar. Þess í stað fór ég úti portrett og tók fyrir hana Þóru, einn af meðlimum fjölskyldunnar og gæti trúað að ég ætti eftir að gera meira af slíku. Andlit höfða til mín myndrænt.

— Hefur það haft áhrif á verkefnaval þitt að flytjast úr Reykjavík í Mosfellssveitina?

— Já. Umhverfið hefur alltaf áhrif og hér er ég tvímælalaust miklu nær náttúrunni. Ég horfi á Esjuna daglega og á Úlfarsfellið og mikið af þessum myndum sem ég er með núna hafa verið ortar útfrá Esjunni vegna þess hve hún er nærtækt efni, alltaf fyrir utan gluggann hjá mér, en sibreytileg samt. Það er ógurleg breyting að flytja úr bænum í þetta frjálsa umhverfi og vera svona mikið úti á sumrin, rækta blóm í garðinum o.s.frv. Maður kemst í jarðsamband, tengslin verða nánari, enda má sjálfsagt segja, að það sé svolítil náttúrurómantík í þessu hjá mér.

Steinunn tekur fram, að þótt hún sé nú farin að gera veggmyndir úr leir sé hún síður en svo að líkja eftir málverki né slægjast eftir þeim áhrifum sem þar koma til greina.

— Þegar ég vinn Esjuna t.d. skynja ég hana mest sem línur, form og hrynjandi, en birtu- og fjarlægðaráhrif sem fram kæmu í málverkinu höfða ekki svo mikið til mín.

### Ofdýrkun karlmennskunnar


Hún segist vinna myndir sínar á dekoratívan hátt og í sambandi við það hefur hún ákveðnar skoðanir á þeim mun sem sé á list kvenna og karla og mat á myndlist eftir því hvort hún er kvenleg eða karlmannleg. Er þá erfiðara fyrir listamenn á Íslandi að vera kvenkyns?

— Ég held, að það hafi yfirleitt verið erfiðara fyrir konur að fást við listir að því marki, að við höfum svo litla kvenlega hefð. Það er einsog einhver yfirdrifinn maskúlínismi hafi tröllriðið listum a.m.k. á þessari öld og það á ekki fremur við um Ísland en önnur lönd. Ég er ekki svo vel að mér í listasögu að ég treysti mér til að segja hvenær þetta byrjaði, en kannski á það eitthvað skylt við þýsku „übermensch" kenninguna eða expressjónismann, a.m.k. er hún mjög áberandi allt frá tímum expressjónistanna þessi ofdýrkun karlmennskunnar og þá ekki endilega getumikillar karlmennsku, heldur fer þetta stundum út í hrottaskap. Á sama tíma eru kvenlegir eiginleikar útskúfaðir, einsog mýkt og fínleiki. Það er mikið hól í myndlistargagnrýni þegar sagt er um mynd, að hún sé „sterk" eða „kraftalega unnin", en hinsvegar er orð einsog „nostursemi" notað neikvætt. Jafnvel handverkið hefur goldið þessa og verið gert að einhverskonar óæskilegum kvenleika. „Fínlegt handverk" er neikvæður dómur og sé talað um „skreytilist" er það í mjög niðrandi merkingu.

Nú vil ég ætla, að konur hafi meiri tilhneigingu en karlar til skreytilistar í verkum sínum. En í listaskólum hafa konur yfirleitt verið undir handleiðslu karlmanna og ég held, að þá hafi oft verið bælt með þeim það sem hefði átt að njóta sín, þetta kvenlega, og þær því ekki orðið eins einlægar í verkum sínum. Auðvitað eru allir eiginleikar einstaklingsbundir, en samt held ég að það sé nokkur munur á milli kynjanna að þessu leyti og að hann sé eðlislægur. Þetta er mjög greinilegt þegar maður fæst við teiknikennslu og ég held, að það gefi svolitla vísbendingu. En konur sem hafa farið útá listabrautina hafa gjarnan hneigst til að bæla þetta niður vegna þess að það hefur ekki verið í tísku eða ekki verið viðurkennt sem hin „rétta" list.

Ég held að við þurfum að gera okkur ljóst, þessar konur sem fást við myndlist, að við þurfum ekki endilega að reyna að vera einsog karlmennirnir, — við þurfum að átta okkur á að við erum það ekki, en fá samt viðurkenningu á okkar eðli og einkennum til jafns. Við vitum að vísu ekki nákvæmlega hver hinn sjálfræðilegi munur er, en við vitum, að hann er einhver.

Undirrótin er náttúrlega að konur hafa ekki notið sín á hvaða sviði þjóðfélagsins sem er ma vegna þess að konur hafa alltaf verið fátækar. Þegar jafnrétti er náð, fjárhagslegu og annarskonar, hlýtur annað að koma á eftir, en á undanförnum árum hefur svo mikil áhersla verið lögð á að komast á sama plan og karlmenn, að hitt hefur kannski svolítið gleymt, að við eigum eitthvað fyrir okkur, eitthvað sérstakt, sem við eigum heimtingu á að sé viðurkennt.



**Þóra — fyrsta portrettið, og fyrirmyndin, Þóra Guðnadóttir.**


### Er hún einlæg?

— Skynjar þú sjálf verk eftir konur öðruvísi en verk karla og hefurðu á tilfinningunni, að konur meti þín verk kannski fremur en karlmenn?

— Ég veit það ekki almennilega. En síðan ég fór að hugleiða þessi mál spyr ég sjálfa mig ósjálfrátt þegar ég skoða verk eftir konu: Er hún einlæg eða hefur hún alveg fylgt karlmannaskólanum? Það er alltaf persónubundið hvaða verk maður metur, en sem dæmi um konu sem mér finnst hafa komist framhjá þessu og tekist að vera einlæg get ég nefnt Barböru Árnason.

Hingað til hef ég ekki rekist á neina algilda kenningu um myndlist, en kannski er það eins góð kennisetning og hver önnur, að öll mikil list sé dekorativ. Séu þeir eiginleikar ekki til í myndverki, ef það er ekki myndrænt og höfðar ekki til manns gegnum augað fellur það um sjálft sig. Þarmeð hef ég ekkert á móti innihaldi í myndverkum, síður en svo, hvorki táknrænu né pólitísku eða hverju sem er. En vanti hið myndræna finnst mér verkið vera vindhögg og ver farið en heima setið.

—vh



**Línur, form og hrynjandi — það er það sem Steinunn vill fá fram í veggmyndum sínum úr leir**

**Ljósmyndir: A.K.**